



Hafnarfjörður 14.maí 2018
Málsnr. 1705346

Svör við athugasemdum vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóð við Hrauntungu 5.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 7.6.2017 var samþykkt að grenndarkynna tillögu að breytingu á lóð við Hrauntungu 5 í samræmi við 2.mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var grenndarkynnt frá 19.03.2018–30.04.2018. Athugasemdir bárust frá íbúum við Hrauntungu og við Hraunbrún.

Verður hér með brugðist við þeim athugasemdum sem bárust.

Íbúar við Hrauntungu 28 gera athugasemdi við að með uppbyggingu á lóðinni við Hrauntungu 5 verði útsýnisskerðing til suðurs. Þar sem ekki hafi verið skipulagður byggingarreitur með þeim hætti sem grenndarkynntur var hafi íbúar gengið út frá að ekki yrði byggt á lóðinni. Einnig er gerð athugasemd vegna hæðar fyrirhugaðra húsa á jarðvegsfyllingu.

Samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-20125 er umrædd lóð skilgreind sem hluti íbúðabyggðar og því eðlilegt að lóðin verði nýtt undir slíkt. Vissulega sýna tillögur hús sem eru hærri en núverandi byggð við Hrauntungu. Út mót götu eru þau 6 m frá götu upp á þakbrún og hækka svo út til suðurs. Það skal leiðrétt hér að fyrirhuguð hús munu ekki standa á jarðvegsfyllingu. Því er ekki verið að breyta landi til uppbyggingar með þeim hætti.

Í sama bréfi kemur fram óánægja íbúa vegna ónæðis sem stafað hefur frá núverandi starfsemi við Hrauntungu 5 þar sem starfræktur hefur verið vinnuskóli bæjarins undanfarin ár.

Verður þeim athugasemdum ekki svarað frekar í þessu bréfi að öðru en að leitt er að slíkt ónæði sé í íbúðarhúshverfi. Með þeim hugmyndum sem nú eru varðandi lóðina, að koma fyrir íbúðarhúsnæði, má segja að það sé í frekari samræmi við aðliggjandi byggð.

Einnig barst sameiginlegt bréf frá íbúum við Hrauntungu 16, 18 og 28 og annað frá eigendum húsanna við Hraunbrún 51 og 53.

Í öllum þeim athugasemdum lýstu íbúar yfir áhyggjum sínum vegna hæða húsanna og þar með skuggavarp á aðliggjandi hús og lóðir. Einnig hvort friðhelgi einkalífsins verði rofin með byggingu nýrra húsa. Athugasemdir voru gerðar vegna áhrifa umferðar og aðgengi gangandi vegfarenda.

Líkt og fram kemur í athugasemdum íbúa þykja tillögurnar að nýjum húsum háreist. Vissulega má endurskoða hæð þeirra og hvernig þau geti mætt frekar þeirri byggð sem er við Hrauntungu. Mælst er til að fleiri skýringarmyndir verði gerðar sem sýna frekari skuggavarp tillögunnar, útsýnisása nærliggjandi húsa sem og endurskoðun á þakhæðum.

Hugað hefur verið að því við gerð tillögunnar að ný bílastæði við götuna verði útfærð með þeim hætti að byggt verði í kring um þau með lágreistum vegg og jafnramt skuli gróðursetja þar við. Skýringarmyndir sýna ugglaut ekki sanngjarna mynd af gangstétt við Hrauntungu en mikið hefur verið rætt í hönnunarferlinu að tryggja þurfi góða gönguleið um götuna þar sem skólabörn eru á ferð.

Vel færi á því að skipulagshönnuðir fengu þær athugasemdir sem komnar eru fram til frekari skoðunnar. Í framhaldi yrði önnur íbúakynning á hugmyndum að uppbyggingu á lóðinni.

Fh. hönd skipulagsfulltrúa

Gunnþóra Guðmundsd. arkitekt.